

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Harpa Júlíusdóttir, starfandi framkvæmdastjóri
Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi

Þing BSRB 18.október 2018



Félag Sameinuðu
þjóðanna
UNA ICELAND



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

193 aðildarríki SP • 17 markmið • 169 undirmarkmið

Sambætt – órjúfanleg – algild

Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar:
félagsmál, efnahagsmál og umhverfismál

„Leave no one behind“

Engir einstaklingar eða hópar skildir eftir



Áherslur Íslands
við mótun
markmiðanna



Ísland og Heimsmarkmiðin

- Verkefnastjórn Heimsmarkmiðana
 - Leidd af forsætisráðuneytinu, öll ráðuneyti eiga fulltrúa ásamt Sambandi íslenskra sveitafélaga og Hagstofu Íslands.
- Stöðuskýrsla - júní 2018
- 65 forgangsmarkmið
- Mælikvarðar
- Landrýni 2019
- Samning við Festu
- Landlæknir – samráðverkefni stofnanna



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Forgangsmarkmið Íslands

Markmiðin voru metin út frá fjórum viðmiðum þegar valin voru forgangsmarkmiðin 65:

- Samræmi við nógildandi stefnu
- Tenging við íslenskan raunveruleika
- Aðgengi að gögnum
- Fjarlægð að markmiði



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Sveitafélögin og Heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verða innleidd í Kópavogi.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti á fundi sínum þriðjudaginn 11.september að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun í yfirstefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.



Fyrirtæki og Heimsmarkmiðin

- Innleiðing

Landsvirkjun leggur áherslu á þrjú af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.



- Global Compact – making Global Goals local business




Alþjóðavinnumála- stofnun og Heimsmarkmiðin

- **Heimsmarkmið 8**
- *“Decent work drives sustainable development”*
 - *Góð atvinna* spilar veigamikið hlutverk í öllum Heimsmarkmiðunum
- **Heimsmarkmið 13**
- *“Just transition”*
 - Þegar kemur að breytingum atvinnuvega vegna umhverfissjónarmiða
 - Stefnumótun og endurmenntun
- ILO setur sér 74 undirmarkmið í forgang



Góð atvinna keyrir
áfram sjálfbæra
þróun





- Aukinni framleiðni í atvinnulífi verði náð með nýsköpun
- Nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt og dregið úr hagvexti sem gengur á náttúruna
- Full vinna og mannsæmandi störf í boð fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt folk og fatlað folk. Sömu laun fyrir jafnverðmæt störf
- Stefna sett um sjálfbæra ferðapjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðslu



- Umhverfið - Ábyrgð okkar allra
- Rík áhersla á markmið 13
- Samgöngur, nýsköpun og menntun



- Alþjóðasamtök
verkalýðsfélaga
ITUC



- <https://www.youtube.com/watch?v=bXrw15-hkVg>



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Verkalýðshreyfingin og Heimsmarkmiðin

- Alþjóðleg heildarsamtök opinberra starfsmanna (PSI)
 - Viðamikil vinna
 - Aukin jöfnuður í gegnum skattkerfi
 - Umhverfisvernd
 - Kynningarstarf til meðlima
- Norrænu verkalýðssamtökin (NFS)
 - Áhersla á markmið 1-4-5-8-10-16-17



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Verkalýðshreyfingin og Heimsmarkmiðin

- Aðgerðir?
 - Stefnumótun
 - Forgangsraða markmiðum
 - Kynningarstarf - meðlimir
 - Greina núverandi verkefni út frá Heimsmarkmiðum
 - Þrýsting á hagaðila
 - Beita sér á alþjóðavettvangi



HEIMSMARKMIÐIN
Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Góðar fréttir árið 2030

<https://www.youtube.com/watch?v=tZh-eJvw7Ds>



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun

Takk fyrir

Útrýma fátækt í allri sinni mynd alls staðar

- U.þ.b. 1 af hverjum 5 lifa á innan við 1,90 dölum á dag
- 8.8 % íslendinga undir lágtekjumörkum 2017
- Fátækt er meira en skortur á tekjum eða eignum. Fátækt er einnig skortur á menntun, hungur, félagsleg mismunun og útskúfun, og takmarkað aðgengi að ákvarðanatöku
- Kynjamismunun spilar stórt hlutverk í að viðhalda fátækt og áhættuþáttum fátæktar
- Fátækt hefur ólík áhrif á mismunandi aldurshópa. Skaðlegustu áhrifin eru á börn en fátækt hefur áhrif á menntun, heilsu, næringu og öryggi þeirra. Fátækt hefur einnig neikvæð áhrif á tilfinningaþroska barna

1 ENGIN FÁTÆKT



Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

- 1 af hverjum 9 íbúum heimsins þjáist af vannæringu, meirihluti þeirra er í þróunarríkjunum
- Landbúnaður er stærsta atvinnugrein heimsins og er lífsviðurværi 40% íbúa heimsins. Fátæk heimili í dreifbýli reiða sig á tekjur af störfum í landbúnaði
- 45% dauðsfalla barna undir 5 ára aldri má rekja til vannæringar, það eru 3,1 milljón barna á ári!

2 EKKERT
HUNGUR



Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vögggu til grafar

- Mikilvægum árangri hefur verið náð til að auka lífslíkur og draga úr mæðra- og barnadauða
- Miklar framfarir í auknu aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, dregið hefur úr malaríu, berklum, mænusótt og útbreyðslu HIV/AIDS
- Hins vegar hefur helmingur kvenna í þróunarríkjum fengið þá heilbrigðisþjónustu sem þær þarfnast og þörfin á fjölskylduáætlunum eykst
- Fleiri en 225 milljónir kvenna hafa ekki aðgengi að getnaðarvörnum
- Mikilvægt undirmarkmið er að draga verulega úr fjölda dauðsfalla og sjúkdóma af völdum mengunnar

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms allra ævi

- Miklum árangri hefur verið náð í aðgengi að menntun, þá sérstaklega aðgengi að grunnskólamenntun fyrir bæði stelpur og stráka. Það þýðir því miður ekki alltaf að gæði menntunarinnar sé góð eða að börn klári grunnskóla
- Talið er að um helmingur þeirra barna sem ekki eru í skóla búi á átaka svæðum
- 103 milljónir ungmenna hafa ekki grunnlesskilning og yfir 60% þeirra eru konur

4 MENNTUN FYRIR ALLA



Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid

- Það að konur hafi jafnt aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu, ákvarðanatöku og þátttöku í stjórnmálum og efnahagsmálum drífur áfram sjálfbær hagkerfi og mun hafa jákvæð áhrif á samfélög
- Þó svo að þetta markmið sé jafnréttismarkmiðið þá er ekki hægt að framfylgja Heimsmarkmiðunum nema að kynjasjónarmið séu til grundvallar í þeim öllum
- Áhersla á að enda ofbeldi gegn konum og stúlkum
- Tryggja aðgengi kvenna að kyn- og frjósemisheilbrigði og –réttindum
- Tryggja að rödd kvenna og stúlkna heyrir

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu

- Sérfræðingar segja að ekki sé hægt að uppfylla hin Heimsmarkmiðin nema að árangur náist með markmið 6
- Öruggt drykkjarvatn og hrein salernisaðstaða vernda gegn sjúkdómum og gera samfélögum kleyft að viðhalda framleiðni
- Veikindi að völdum vatnsborinna sjúkdóma halda börnum frá skóla og fullorðnum frá vinnu
- Rannsókn frá 2016 sýnir hvernig endurvinnsla og endurnotkun frárennslisvatns getur stuðlað að því að hægt sé að uppfylla a.m.k fjórtán Heimsmarkmið!


6 HREINT VATN OG HREINLÆTISAÐSTAÐA



Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði

- Orka er nauðsynleg á öllum sviðum samfélagsins
- 1 af hverjum 5 hafa ekki aðgang að nútíma rafmagni
- 3 milljarðar manna reiða sig á brennslu viðar, kola, viðarkola eða dýraúrgangs til kyndingar og eldamennsku
- Orkuiðnaðurinn ber ábyrgð á 60 prósent losunar gróðurhúsalofttegunda
- Mikilvægt að draga úr kolefnafótspori orkuiðnaðarins til að berjast gegn loftslagsbreytingum

7 SJÁLFBÆR ORKA



Stuðla að viðvarandi sjálfbærum
hagvexti og arðbærum og
mannsæmandi atvinnutækifærum
fyrir alla

- Sjálfbær hagvöxtur verður eingöngu til með því að skapa aðstæður þar sem fólk hefur góða atvinnu sem örvar hagkerfið án þess að skaða umhverfið
- Atvinnuleysi á heimsvísu jókst frá 170 milljónum árið 2007 í tæplega 202 milljónir árið 2012. Um 75 milljónir þeirra eru ungt fólk
- Tæplega 2,2 milljarðar manna lifa á lægri upphæð en 2 dölum á dag og eina leiðin til að útrýma fátækt er með stöðugum og vellaunuðum störfum
- 470 milljón störf þurfa að verða til á milli 2016-2030 til að anna komu nýrra aðila á vinnumarkaðinn

8


GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun

- Fjárfestingar í innviðum: samgöngum, fráveitum, orku, upplýsinga- og samskiptatækni, eru gríðarlega mikilvægar til að ná fram sjálfbærri þróun
- Það hefur lengi verið viðurkennt að aukin framleiðni og tekjur, og bætt heilsugæsla og menntun þarfnast fjárfestinga í innviðum
- Sjálfbær iðnvæðing fyrir alla er grundvöllur tekna, greiðir fyrir varanlegri aukningu lífsgæða fyrir alla og sér fyrir tæknilausnum fyrir umhverfisvæna iðnvæðingu
- Tækniframfarir eru grundvöllur fyrir því að umhverfis markmið náist, t.d. aukin auðlinda- og orkunýtni. Án nýsköpunar verður ekki iðnvæðing og þróun á sér ekki stað án iðnvæðingar
- 1-1,5 milljarður manna hafa ekki aðgang að áræðanlegri símaþjónustu


9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa

- Dregið hefur úr ójöfnuði á milli landa en á sama tíma eykst ójöfnuður innan ríkja
- Misskipting tekna hefur aukist um 11% að meðaltali í þróunarlöndunum á milli 1990 og 2010
- Fjöldi heimila í þróunarríkjunum, yfir 75% íbúa, búa í samfélögum þar sem misskipting tekna er meiri en hún var á tíunda áratug síðustu aldar
- Ekki er hægt að draga úr misskiptingu og ójöfnuði nema með því að tryggja jöfn tækifæri fyrir alla
- Gögn frá þróunarríkjunum sýna að börn sem tilheyra þeim 20% fátækustu eru þrisvar sinnum líklegri til þess að deyja áður en þau ná 5 ára aldri en börn sem tilheyra ríkustu prósentunum
- Félagsleg vernd hefur batnað á heimsvísu en fatlað fólk er fimm sinnum líklegra til þess að þurfa að greiða gríðarlega háar upphæðir fyrir heilbrigðis þjónustu

10 AUKINN
JÖFNUÐUR



Gera borgir og íbúasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær

- Helmingur mannkyns, 3,5 milljarður manna, býr í borgum
- 2030 verður hlutfall þeirra sem búa í þéttbýli orðið 60%
- 95% af stækkun þéttbýla næstu áratugina mun eiga sér stað í þróunarríkjunum
- 828 milljónir manna búa í fátækrahverfum og fer sú tala hækkandi
- Borgir heimsins taka 3% af landsvæði jarðarinnar en nota 60-80% orku heimsins og bera ábyrgð á 75% kolefnaútblásturs
- Þéttbýlismyndun hefur áhrif á ferskvatnsbirgðir, skólp og frárennslisveitur, lífskjör og lýðheilsu
- Borgir geta þó haft góð áhrif á afkastagetu og tækniþróun og dregið um leið úr auðlinda- og orkunotkun

11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

- Tilgangurinn með sjálfbærri neyslu og framleiðslu er að „gera fleira og betra með minna.“ Auka velferð af atvinnustarfsemi með því að minnka notkun auðlinda, hnignun og mengun á öllum lífsferlinum ásamt því að auka lífsgæði.
- Fyrirtæki, neytendur, stefnumótendur, vísindamenn, fjölmiðlar, stofnanir, alþjóðasamfélagið o.fl. þurfa að taka höndum saman til að stuðla að ábyrgri neyslu og framleiðslu
- Það þarf kerfisbundna nálgun og samvinnu aðila sem starfa í birgðakeðju bransanum, allt frá framleiðanda til neytanda.
- Vitundarvakning neytenda og sjálfbær lífstíll eru lykillinn!

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

- Parísarsáttmálinn er undirstaða markmiðsins en í honum samþykka ríki heims að takmarka hlýnun jarðar og stefna á að hlýnun verði ekki meiri en 2°C og þá helst undir 1,5°C
- Frá 1880 hefur meðalhiti jarðar hækkað um 0,85°C
- Sjávarhiti hefur hækkað, snjór og ís hefur bráðnað og yfirborð sjávar hefur hækkað. Frá 1901-2010 hefur meðalyfirborð sjávar hækkað um 19 sm
- Ef ekkert er að gert er líklegt að við lok þessarar aldar hafi hitastig hækkað um meira en 1,5°C
- Losun koltvísýrings hefur aukist um næstum 50% síðan 1990
- Það er hægt að sporna gegn þessari þróun


13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM



Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun

- Höfin þekja $\frac{3}{4}$ hluta af yfirborði jarðar og hafa að geyma 97% af vatni jarðar
- Fleiri en 3 milljarðar manna reiða sig á fjölbreytileika lífríkis sjávar og stranda
- Markaðsvirði auðlinda sjávar og stranda er metið á 3 milljarða dala á ári eða um 5% af vergri heimsframleiðslu
- Höfin hafa að geyma um 200.000 þekktar tegundir en ekki er vitað hversu margar þær eru í raun
- Höfin draga til sín um 30% þess koltvísýrings sem verður til af manna völdum og dregur því úr áhrifum hlýnunar jarðar
- 3 milljarðar manna reiða sig á höfin sem uppsprettu prótíns
- Sjávarútvegur veitir beint og óbeint störf til rúmlega 200 milljóna manna
- Niðurgreiðslur til fiskveiða valda hnignun margra fiskistofna og koma í veg fyrir tilraunir til að bjarga og endurreisa alþjóðlegan sjávarútveg og tengd störf, og veldur því að hagnaður sjávarútvegs er 50 milljörðum dala minni en hann gæti verið

14 LÍF Í VATNI



Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun lifræðilegrar fjölbreytni

- Um 1,6 milljarður manna reiðir sig á skóga til að afla sér lifibrauðs. 70 miljónir þeirra eru frumbyggjar
- Skógar eru heimili yfir 80% allra dýra-, plöntu- og skordýrategunda á þurrlendi
- 2,6 milljarðar manna reiða sig á landbúnað en 52% þess lands sem notað er í landbúnaði verður fyrir skaðlegum áhrifum af hnignandi jarðvegi
- Þurrkar og jarðvegsmyndun valda því að 12 milljón hektarar tapast á ári! (23 hektarar á mínútu)
- Af þeim 8.300 dýrategundum sem þekktar eru hafa 6% verið útrýmt og 22% eru í útrýmingarhættu
- Af þeim rúmu 80.000 trjategundum sem þekktar eru hafa eingöngu 1% verið rannsakaðar til notkunar

15 LÍF Á LANDI



Stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla menn á öllum sviðum

- Þær stofnanir sem verða fyrir mestri spillingu eru dómstólar og lögregla
- Þróunarríki tapa um 1,26 milljón milljóna dala á ári vegna spillingar, múta, þjófnaðar og skattsvika. Þessi upphæð gæti auðveldlega verið notuð til þess að aðstoða þá sem lifa á undir 1,25 dölum á dag í a.m.k. 6 ár
- Réttarreglur og þróun eru mjög nátengd og styrkja hvort annað. Sjálfbær þróun getur ekki orðið nema með skilvirku réttarkerfi

16 FRIDUR OG RÉTTLÆTI



Styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun

- Árangur næst ekki nema með samvinnu ríkja, einkageirans og borgaralegs samfélags
- Mikilvægt að nota það gríðarlega mikla fjármagn sem er í höndum einkaaðila til að stuðla að Heimsmarkmiðunum. Þörf er á langtíma fjárfestingum, þ.á.m. beinum, erlendum fjárfestingum í veigamiklum greinum, sérstaklega í þróunarríkjunum. Þá er verið að tala um sjálfbæra orku, innviði og samgöngur sem og upplýsinga- og samskiptatækni
- Opinber þróunaraðstoð var 142,6 milljarður dala árið 2016
- 79% innflutnings frá þróunarríkjum til þróaðra ríkja er tollfjráls
- Fjöldi notenda internetsins í Afríku hefur tvöfaldast á síðustu fjórum árum
- Fleiri en 4 milljarðar manna nota ekki internetið og 90% þeirra er í þróunarríkjunum

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN

